

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 188/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Halldóri Hákonarsyni og Ólafi Jónssyni og
búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu
Sveinsdóttur** (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaraþnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Í Hæstarétti krefst áfrýjandi þess, aðallega að bú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda Halldórs Hákonarsonar, en *til vara*, að kröfur þessar verði greiddar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig að kröfur þær, sem dæmdar voru, verði goldnar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. *Til vara* krefjast þær þess, að áfrýjandi verði dæmd til að hlíta því, að framangreindar kröfur verði taldar skuldir eiginmanns hennar, Ólafs Jónssonar, við búskipti vegna skilnaðar. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að krafa stefnda Halldórs Hákonarsonar, að fjárhæð kr. 5.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, sem ein er til úrlausnar í máli þessu, með því að málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, stafar frá kaupum stefnda Ólafs Jóns-

sonar á íbúð á Bústaðavegi 67. Telja verður, að íbúð þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda, stefnda Ólafs Jónssonar. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á kröfu þessari, enda er ekki sannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Telja verður, að hér sé um gilda kröfu að ræða á hendur eiginmanni áfrýjanda, Ólafi Jónssyni, svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 20/1923 ber að halda aðgreindum hjúskapareignum hjóna við skipti vegna hjónaskilnaðar og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda Halldórs Hákonarsonar er því ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni, en samkvæmt framansögðu ber að dæma hana til að hlíta því, að fjárfrafa sú, sem dæmd er í hinum áfrýjaða úrskurði, verði talin skuld eiginmanns hennar við búskipti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárfrafa stefnda Halldórs Hákonarsonar, að fjárhæð kr. 5.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, verði talin skuld stefnda Ólafs Jónssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 5. júní 1961.

Sóknaraðili, Halldór Hákonarson, Eskihlíð 13, hefur gert þær réttarkröfur, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði gert að greiða sér kr. 8000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1952 til greiðsludags. Hann hefur krafizt þess, að félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

Hefur ofanefndur Ólafur Jónsson samþykkt kröfur sóknar-

aðilja, en Guðlaug Helga Sveinsdóttir hefur krafizt þess, aðallega að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði algerlega hrundið, en til vara, að hún verði aðeins greidd af búshelmingi Ólafs Jónssonar sem sérkrafa. Hvor kosturinn sem tekinn yrði, er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 25. fyrra mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjólnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Varð ekki samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til aðgerða skiptaréttar. Hinn 5. marz 1958 ritaði umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttar Reykjavíkur, þar sem hann óskaði þess, að bú þeirra hjóna yrði tekið til opinberra skipta, og fylgdi bréfi þessu endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Þau Ólafur Jónsson og Guðlaug H. Sveinsdóttir fengu skilnað að borði og sæng með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbús þessa fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Auk ýmissa húsmuna komu fram við uppskriftina íbúð að Bústaðavegi 67, enn fremur bíllinn R 870 (síðar R 8259). Í lok uppskriftar var ákveðið að taka bú þetta til opinberrar skiptameðferðar, svo og var ákveðið, að gefin skyldi út innköllun til skuldheimtumanna búsins. Var innköllun þessi gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Hinn 21. maí 1958 lýsir sóknaraðili, Halldór Hákonarson, 8 þúsund króna fjárkröfu í félagsbúið, og barst þessi kröfulýsing hingað til embættisins hinn 24. sama mánaðar. Sjá rskj. nr. 2 í máli þessu.

Kröfugerð sóknaraðilja byggist að nokkru á skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar, sem hefur verið lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 12. Þar játar Ólafur sig skuldugan sóknaraðilja um kr. 5000.00 og segir lánstímann vera til 1. maí 1951, en yfirlýsingin er dagsett 16. ágúst 1950.

Sóknaraðili hefur sagt í aðiljaskýrslu sinni á rskj. 11, sem hann hefur hér fyrir rétti lýst yfir, að rétt sé í hverri grein, að Ólafur hafi áður fengið hjá sér peningalán, kr. 3000.00, en ekki gefið neina viðurkenningu eða kvittun fyrir því, enda ekki

eftir því leitað. Hann segir, að Ólafur hafi tjáð sér, að peningalánið skyldi ganga til húsbýggingar við Bústaðaveg, en um það leyti sem lán þessi voru veitt, hafi þau Ólafur og Guðlaug Helga búið að Samtúni 72. Segist sóknaraðili nokkrum sinnum hafa heimsótt þau þangað og eins, eftir að þau höfðu flutt í íbúðina við Bústaðaveg.

Nú segir sóknaraðili, að Ólafur hafi ekki greitt sér þessar skuldir né heldur vexti af þeim, og krefst þess, að félagsbúið verði látið greiða framangreindar fjárhæðir. Hér sé um að ræða peningalán, sem gengið hafi til þess að búa þeim hjónum, Ólafi og Guðlaugu Helgu, þak yfir höfuð og til þess jafnframt að skapa félagsbúinu verðmæti. Hann bendir á það, að að lokinni uppboðssölu á umræddri íbúð hafi uppboðsandvirðið gengið til félagsbúsins.

Eins og áður segir, hefur Ólafur Jónsson samþykkt kröfur sóknaraðilja. Hann segist hafa fengið lán þetta til þess að geta greitt ýmiskonar kostnað við íbúðina á Bústaðavegi 67, en þessa íbúð segist hann hafa keypt fokhelda á árinu 1950, og hafi þau Guðlaug Helga flutt inn í hana 16. júní 1951. Ólafur heldur því fram, að Guðlaugu Helgu hafi verið kunnugt um þessar lántökur hans hjá sóknaraðilja.

Guðlaug Helga Sveinsdóttir mótmælir því, að sér hafi verið kunnugt um neins konar lán af hendi sóknaraðilja, og véfengir hún, að lán þetta hafi verið veitt. Mótmælir hún kröfugerð sóknaraðilja sem rangri í hverri grein og til vara sem fyrndri. Hafi lán þetta í raun og veru verið innt af hendi, sé ljóslega um að ræða sérkröfu á hendur Ólafi, sem komið geti til mála, að greiða beri af hans búshelmingi.

Í máli þessu hefur sóknaraðili lagt fram skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar fyrir kr. 5000.00, og hefur þessari yfirlýsingu verið mótmælt af hálfu Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur sem rangri og til vara sem fyrndri. Hún virðist þó ekki hafa fært þau rök fram gegn réttmæti yfirlýsingarinnar, að fært þyki að hafna henni. Þá ber að hafna þeirri staðhæfingu varnaraðilja, að krafa þessi sé fyrnd. Samkvæmt rskj. 12 var gjalddagi hinn 1. maí 1951, en kröfunni er lýst til skiptaréttarins hinn 24. maí 1958, en 10 ára fyrningarfrestur mun gilda um kröfu sem þessa.

Hjón þessi, Ólafur Jónsson og Guðlaug H. Sveinsdóttir, hafa ekki látið skrásetja kaupmála um eignir sínar. Þau hafa heldur ekki gert skrá þá um hjúskapareignir, sem 24. gr. laga nr. 20 frá 1923 innir að. Ekki hefur heldur komið fram nein krafa

til skiptaréttarins undir skiptum bús þessa, að hjúskapareignir hvors þeirra hjóna um sig yrðu sérgreindar. Verður ekki betur séð en að með þessu hafi þau fallizt á, að með bú þetta yrði farið sem sameign þeirra.

Ólafur Jónsson keypti húseignarhlutann á Bústaðavegi 67, áður en hann gekk að eiga Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur. Var eignarhluti þessi keyptur í fokheldu ástandi, og er út af fyrir sig ekki ósennileg sú frásögn Ólafs Jónssonar, að þær kr. 5000.00, sem telja verður, að hann hafi fengið að láni hjá sóknaraðilja, hafi farið til þess að fullbúa þetta húsnæði til íbúðar.

Það verður að telja, að við hjónaband þeirra Ólafs og Guðlaugar Helgu hafi íbúð þessi orðið sameign þeirra. Þau höfðu íbúðina til afnota fyrir heimili sitt, meðan hjónaband þeirra var við líði, enda var hún við búsuppskriftina skrifuð upp sem eign félagsbúsins, og er hún var seld, gekk andvirði hennar til félagsbúsins, að því fráskildu, að tekin var frá af uppboðsverðinu ákveðin fjárhæð, ef með þyrfti, til þess að fullnægja veðskuld, sem hvíldi á eigninni.

Samkvæmt því, sem að framan segir, þykir rétt að taka til greina kröfu sóknaraðilja máls þessa að nokkru leyti, þannig að félagsbúinu verður gert að greiða honum kr. 5000.00. Ekki þykir rétt að reikna vexti af kröfu þessari, fyrr en frá kröfulýsingardegi, 24. maí 1958, og til greiðsludags.

Þá ber að gera félagsbúinu og Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur að greiða sóknaraðilja málskostnað in solidum. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar H. Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, Halldóri Hákonarsyni, kr. 5000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Þá greiði félagsbúið og Guðlaug H. Sveinsdóttir in soldium kr. 1200.00 í málskostnað.
